

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 18. maí 2018, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Í breytingunni felst að fallið verður frá bindandi ákvæði í deiliskipulagi um gras á þökum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skriðustekkur 17-23.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1 vegna lóðarinnar nr. 17-23 við Skriðustekk. Í breytingunni felst að gerðir eru nýir byggingarreitir fyrir viðbyggingar við húsið, sunnan- og austanmegin. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lindarvað 2-14 og Krókavað 1-11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna nr. 2-14 við Lindarvað og 1-11 við Krókháls. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit við gafll húsanna nr. 2 við Lindarvað og nr. 1 við Krókavað svo hægt verði að byggja bílskúr. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýr Landspítali við Hringbraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 6. júní 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags nýs Landspítala.

Í breytingunni felst að leiðrétt er byggingarmagn vegna lagnakjallara neðanjarðar í húsi nr. 21 á lóð nýs Landspítala við Hringbraut. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún í samræmi við rammaskipulag samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 5. apríl 2017. Í breytingunni felst breyting á atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, m.a. lifandi jarðhæðir, bílastæði í bílakjallara, áhersla á góðar göngutengingar í gegnum svæðið, mannlegan kvarða, góða aðstöðu fyrir hjólandi vegfarendur, gert ráð fyrir auknu byggingarmagni og hækkun nýtingarhlutfalls á lóð úr 0,83 í 1,96. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Frakkastígur – Skúlagata.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis. Um er að ræða tæplega 1 hektara svæði sem nær yfir óbyggða lóð á horni Skúlagötu og Frakkastígs og óbyggt borgarland milli Skúlagötu og Sæbrautar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 8. júní 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2018